

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Flugvellir 33, 230 Reykjanesbæ.

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

75. fundur Stjórnar BS bs. haldinn miðvikudaginn 13. september 2023.

kl. 16:00 í fundarsal BS bs. að Flugvöllum 33, 230 Reykjanesbæ.

Mættir eru: Friðjón Einarsson, Trausti Arngrímsson, Helga Jóhanna Oddsdóttir, Einar Jón Pálsson, Birgir Örn Ólafsson, Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri og Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri.

Magnús S. Magnússon boðar forföll.

Dagskrá:

Formaður setur fundinn.

1. Staða fjármála/ uppgjör fyrstu 8 mánuði.

Jón fór yfir uppgjör fyrstu 8 mánuði rekstrarársins og vinnu vegna eldgossins við Litla-hrút og hvernig staða fjárhagsársins er vegna aukinna útkalla. Rekstur samkvæmt áætlun.

2. Húsnæði í Grindavík.

Húsnæðið hefur fengist afhent og er byrjuð vinna við að innrétta rýmið. Áætlað að það verði tilbúið um mánaðarmótin okt/nóv. Munu þá byrja dagvaktir sjúkraflutningafólks í Grindavík.

3. Skýrsla sl.stjóra.

Gróðureldar:

Eldgosið við Litlahrút hafði í för með sér einhverja mestu gróðurelda á landinu og eru einungis mýrareldar sem hægt er að jafna á við þá gróðurelda sem við var að eiga við Litlahrút. Þessir eldar voru í Grindavík og fór þeirra slökkviliðsstjóri með stjórnun á vettvangi.

Eldar af þessari stærðargráðu kalla á aðkomu fleiri aðila en slökkvilið viðkomandi sveitarfélags. Það er ekkert slökkvilið í landinu sem ræður eitt og sér við elda af þessari stærðargráðu.

Á undanförunum árum höfum við verið að bæta í búnað vegna gróðurelda, en í þessum eldum við Litlahrút kom í ljós að slökkviliðin almennt eru ekki búnin til þess að ráða við gróðurelda sem erfitt er að komast að og af þessari stærðargráðu, það er ljóst að við þurfum að bæta talsvert við þann búnað sem við erum með.

Það er alveg ljóst að ekkert slökkvilið getur búið sig svo vel að eiga nóg af búnaði til að ráða við það ástand sem skapaðist við Litlahrút.

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Flugvellir 33, 230 Reykjanesbæ.

Það sem þarf að leggja áherslu á er að koma upp miðlægum búnaði sem ríkið myndi fjármagna og hægt væri að flytja milli landshluta eftir aðstæðum hverju sinni.

Sjúkraflutningar við Litlahrút:

Við upphaf eldgossins við Litlahrút hafði ég samband við almannavarnardeild Ríkislögreglustjóra og sendi póst beint á ráðherra um nauðsyn þess að bregðast strax við og manna vakti sjúkraflutningamanna við Litlahrút.

Viðbragðið var mjög gott og á nokkrum dögum vorum við farnir að manna vaktir vegna gossins.

Sjóbjörgun:

Við sjáum aukningu á björgum fólks í sjó. Hlutverk slökkviliðs er ekki sjóbjörgun, engu að síður þá er það hlutverk slökkviliðs að bregðast við þegar kallað er eftir hjálp og þegar fólk er í hættu. Það er erfitt fyrir okkar starfsmenn að bíða eftir að björgunarsveit komi með bát til þess að ná fólki upp úr sjó, og sjá fólk í sjónum og geta lítið gert.

Það er dæmi frá í sumar þar sem lá við slysi á okkar starfsmanni þar sem hann var að synda að mönnum sem voru í sjónum.

Við þurfum að skoða hvort við eigum að vera með búnað til þess að geta brugðist betur við en við getum gert í dag.

Mönnun:

Mikið hefur verið að gera í sumar, bæði vegna eldgossins, bruna og sjúkraflutninga sem eru að stefna í enn eitt metið.

Við bættum við starfsmönnum í varalið BS í vor sem hefur komið sér gríðarlega vel fyrir okkur vegna þess álags sem verið hefur í sumar.

Ég verð að hæla okkar starfsmönnum fyrir það hversu vel þeir hafa brugðist við því álagi sem hefur verið vegna fjölda verkefna, sem sum stóðu yfir vikum saman og það staðfestir enn og aftur hvað við höfum öfluga og góða starfsmenn.

Slökkviliðsstjóra falið að kanna með kaup á zodiak bát til notkunar fyrir slökkviliðið og um leið að endurnýja og bæta við búnað vegna álags við vinnu vegna eldgossins við Litla hrút.

Slökkviliðsstjóra falið að ræða verklagsferla við sjóbjörgun við lögreglu.

4. Önnur mál.

Starfsmaður almannaverndarnefndar. Formanni stjórnar B.S. falið að ræða um starf almannavarnarnefndarfulltrúa við formann stjórnar Almannavarna Suðurnesja utan Grindavíkur.

Fundi slitið kl. 17:30

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Flugvellir 33, 230 Reykjanesbæ.
